

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 92/2007

frá 6. júlí 2007

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2007 frá 8. júní 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/402/EB frá 9. febrúar 2006 um vinnuáætlun í tengslum við umhverfismerki Bandalagsins ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 2ae (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/731/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„2af. **32006 D 0402**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/402/EB frá 9. febrúar 2006 um vinnuáætlun í tengslum við umhverfismerki Bandalagsins (Stjtíð. ESB L 162, 14.6.2006, bls. 78).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2006/402/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. júlí 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 266, 11.10.2007, bls. 21, og EES-viðbætur nr. 48, 11.10.2007, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 162, 14.6.2006, bls. 78.

(*) **Engin** stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 6. júlí 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.